



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Unga Ísland (Sýnishorn)

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UNGA ÍSLAND

MYNDABLAD
FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

IX. ÁRGANGUR

RITSTJÓRAR:
HALLGR. JÓNSSON
STEINGR. ARASON



REYKJAVÍK
ÚTGEFENDUR: ÞRIMENNINGARNIR
1913

EFNISYFIRLIT.

	Bls.		Bls.
Aleiga mín J. B.	37	Lærðu að stýra H. J.	1
Apaköttur María Jónsd.	51	Magnús Helgas. með mynd S. A.	81
Augnablik S. A.	40	og H. J.	45
Ávarp H. V.	2	Maseppa á hestbaki H. J.	69
Barnaskóli Reykjav.	48	Missir Bergst. Kristjánss.	9
— — — — — með mynd H. J.	75	Morten Hansen skólastj. með mynd H. J.	1
Broddgöltur með mynd J. B.	15	Modir S. A.	70
Demospenes S. A.	35	Orfevs S. A.	80
Eiríkur Magnúss H. J.	41	Ráðning þrauta	16
Fátæka típan H. J.	39	Reikningsþrautir	34
Férðasaga með mynd S. A.	12	Skógræktardagur Guðm. Dav.	83
Fornmananöfn í Eyjafirði	16	Skógarhögg í Noregi S. A.	31 og 72
Frá Sviss með mynd S. A.	45	Skriflur	84
Friðþjófur frækni H. J.	68	Skuggi asnans H. J.	50
Fyrirspurnir og svör	22	Skylda Guðm. Þorlákss.	26
Garri, vísur J. H.	24	Sléttan logar H. J.	8
Gátur	32	Spurningar og svör	57
Góðar reglur	48	Steingr. Thorsteinss. með mynd H. J.	31
Georg fyrsti Grikkjakóngur St.	28	Stína S. A.	56
Geisli H. J.	18	Stríðið á Balkanskaga H. J.	49
Harpa H. J.	25	Sveinn V. Sveinsson (kvæði) Þorst. E.	33
Hauðvísur H. J.	72	Sundkóngur Íslands H. J.	32
Helgi Vaitýsson H. J.	5	Til kaupenda Unga Íslands	22
Hérar og froskar María Jónsd.	56	T. Þ. Holm (kvæði) H. J.	87
Hundurinn með myndum J. B.	54	Umsjónarmaður S. A.	52
Hundrað ára	56	Úr skuggasveini með tveim myndum	32
Hveitikornið S. A.	78	Verðlaunapraut Útg.	73
Indíánar með mynd S. A.	3	Vertu hjálpfús H. J.	23
Íslensk skáldkona með mynd S. A.	21	Viltu lifa lengi H. J.	31
Jólaharpan Guðm. Guðm.	89	Vont verra H. J.	13
Jólaglæði með mynd S. A.	90	Þarflegt loforð Brynjólfur Jónss.	70
Kaupendur góðir Útg.	2	Þormóður skytta S. A.	7
Kenslustund H. J.	54	Þrösturinn og Eyrarrósir með mynd S. A.	96
Kýr dómars	88	Þrettándinn H. J.	43
Lárus Thorarensen H. J.	36	Ætintýrabókin S. A.	
Ljósastikurnar S. A.	30		
Lævirkinn H. J.	29		

UNGA ÍSLAND



MYNDAÐLAÐ FYRIR

BÖRN OG UNGLINGA

Ritstjórar: Hallgr. Jónsson og Steingr. Arason.

1. blað.

Reykjavík, 15. janúar 1913.

9. ár.

Modir.

Þú sögufoldin sigurfríð
en særd og smáð,
í örlaganna harðri hríð
þér heitir nornir ristú nið,
þær drápu skóg í dal og hlið
svo drúpti láð.

En ætti hún þolinn æskulýð
með afl og dáð,
með viljans hjör og hjörtu blíð,
að heyja djartur göfugt stríð,
þá rynni dýrðar dagar lýð
með drottins náð.

Stgr. A.

Lærðu að stýra.

Unglingur kann ekki að stýra,
ýmsar stefnur knörrinn tekur;
flestir meta farminn dýra
fyrst, þegar upp á skerið rekur.

Hafðu á bátnum bestu gætur,
beygðu ei í kjölför hinna;
mundu það að mamma grætur
molvirðu fleyið vona þinna.

H. J.

